

## Greinargerð með ársreikningi 2021 – lögð fram í febrúar 2022

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2021 voru 1.630.993.674 eða 4% lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Nefna má tvo meginþætti til skýringar, en það eru styrking krónu og landsleikjatekjur.

Helstu frávik frá áætlun:

- Styrkir og framlög ársins 2021 voru 2% undir áætlun. Helstu þættir sem hafa áhrif á lækkunina er styrking krónunnar og að ekki náðist að sækja alla þá UEFA styrki sem gert var ráð fyrir.
- Annað árið í röð eru tekjur af heimaleikjum undir áætlun, en árið 2020 hurfu svo til tekjur af heimaleikjum vegna áhorfendabanns. Sama gildir vegna ársins 2021, þar spiluðu Covid-19 takmarkanir verulega inn í en gert hafði verið ráð fyrir mun hraðari afléttingu en raunin varð. Tekjur af landsleikjum eru 25% lægri en áætlun ársins 2021, eða um 37 milljónum undir áætlun.
- Sjónvarpstekjur voru 3% undir áætlun sem skýrist af styrkingu krónunnar.
- Rekstrartekjur Laugardalsvallar voru í samræmi við áætlun.

Rekstrargjöld ársins 2021 voru í heildina 1.505.589.314, en áætlanir gerðu ráð fyrir því að gjöldin yrðu 1.519.780.837. Helstu gjaldaliðir og niðurstöður þeirra:

- Heildarkostnaður landsliða árið 2021 var áætlaður 754.227.977 kr. Niðurstaða ársins var hins vegar 741.532.474 kr. eða 2% undir áætlun. Öll landslið voru undir áætlun nema A landslið kvenna og U21 landslið karla. A landslið kvenna lék fleiri vináttuleiki en gert var ráð fyrir sem og heimaverkefni í júní var dýrara vegna Covid-19 búbblu. U21 landslið karla fór einnig yfir áætlun vegna úrslitakeppni liðsins sem var dýrari en gert var ráð fyrir.
- Kostnaður við mótahald var áætlaður 221mkr en endaði í 213mkr. Helstu skýringar eru m.a. þær að ekki var lokið við Lengjubikarinn 2021.
- Fræðslukostnaður var áætlaður 67mkr en raunin varð 62 mkr.
- Launakostnaður var undir áætlun þar sem nýtt var endurgreiðsluúrræði frá VMST vegna verkefnafalls en þó fór skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 16m fram yfir áætlun eða um 5%. Það skýrist af kostnaði við aðkeypta sérfræðiþjónustu og aukapening sem fram fór þann 2. október 2021. Inni í aðkeyptri sérfræðiþjónustu er kostnaður við almannatengsl, lögfræðiráðgjöf, nefndarstörf, skýrslugerð og þýðingar).
- Húsnæðiskostnaður var undir áætlun og sömu sögu er að segja af öðrum rekstrarkostnaði og rekstrargjöldum Laugardalsvallar.
- Afskriftir ársins 2021 voru rúmar 45mkr en áætlað var að afskriftir ársins yrðu 43mkr.

Hagnaður ársins fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga var um 120 mkr en áætlanir gerðu ráð fyrir 182mkr. Alls var um 144 mkr úthlutað til aðildarfélaga en áætlun gerði ráð fyrir 145 mkr.

KSÍ greiddi 57,5 mkr til aðildarfélaga (annarra en þeirra sem léku í Pepsi Max deild karla) vegna barna- og unglíngastarfs en félögin í Pepsi Max deild karla fengu framlag frá UEFA að upphæð 87 mkr. Auk þessa greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 41,1 mkr og ferðabátttökugjald, verðlaunafé, upptöku- og tæknibúnað að fjárhæð 46,2 mkr á árinu.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu er því lækkun á sjóð, kr. 24,4 mkr.